

Þriðjudaginn 30. janúar 1990.

Nr. 76/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Guðmundi Sveinbjörnssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Manndráp.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála með áfrýjunarstefnu 2. febrúar 1989 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Verjandi ákærða gerir þessar kröfur: „Að ákærði verði dæmdur í þá vægustu refsingu, sem lög frekast leyfa. Til frádráttar dæmdri refsingu komi gæsluvarðhaldstími ákærða í Síðumúla-fangelsi frá 3.9. 1988 til 20.10. 1988 og frá 28.10. 1988 til 31.10. 1988, samtals 50 dagar, með þrefaldri þeirri dagatölu eða 150 dagar. Gæsluvarðhaldstími hans að öðru leyti komi til frádráttar dæmdri refsingu með fullri dagatölu. Ég krefst málsvarnarlauna að mati réttarins.“

### **I.**

Eftir að héraðsdómur var kveðinn upp, hefur verið aflað nýrra gagna, þar á meðal greinargerðar Magnúsar Skúlasonar geðlæknis, sem er dagsett 12. september 1989, um athugun á geðheilbrigði ákærða ásamt skýrslu Víðis H. Kristinssonar sálfræðings um sálfræðilegt mat á ákærða. Þessara gagna var aflað að ósk verjanda ákærða.

Í niðurstöðu greinargerðar Magnúsar Skúlasonar segir svo:

„Með tilvísun til framangreinds máls og útskýringa sálfræðings er það niðurstaða undirritaðs að Guðmundur Sveinbjörnsson hafi í verknaðarandrænni verið haldinn slíkum hugaræsingi og dóm-

greindarskerðingu að um psychotískt ástand hafi verið að ræða sem framkallast hafi skyndilega í tengslum við áður raktar kringumstæður og atburðarás samfara eiturverkunum áfengisins. Hann gerir sér óskýra grein fyrir atburðarásinni og er sjálfur bæði óttasleginn og mjög undrandi á því hvernig hún þróaðist og kann engar viðhlítandi skýringar á því eins og áður segir. Er ástandi þessu létti varð hugsun hans, breytni og ákvarðanir siðferðilega rökrænar og skynsamlegar.

Hegðun hans og samvinna við rannsókn málsins og geðræna og sálfræðilega athugun hefur verið góð.

Félagsleg aðlögun Guðmundar fram að þessum atburði hefur í öllum meginatriðum verið ákaflega hnökralítill, og það eru engar upplýsingar um nein alvarleg hegðunarvandkvæði. Hann hefur að undanskildum persónuleikaveikleikum þeim sem raktir hafa verið ... ekki einkenni um meiri háttar formlegan geðsjúkdóm, skerta greind, né heldur merki um alvarlegar persónuleikatrufnanir s.s. merki um andfélagslega hegðun (sbr. og fyrri geðheilbrigðisrannsókn) eða aðra þætti sem gefa tilefni til þess að vænta megi endurtekningar á athæfi sem þessu. Það skal vissulega undirstrikað, sem einnig kemur fram í sálfræðirannsókn og raunar fleiri skjölum, að hann ætti ekki að snerta áfengi frammar enda hefur hann sjálfur lýst þeirra ætlun sinni yfir.

Eins og áður hefur verið rakið varðandi sálarástand Guðmundar á verknaðarstundinni verður ekki séð að um meðvitað áform hafi verið að ræða, heldur óhæfu- en óviljaverk í skammvinnu sturlunaræði.

Varðandi meðferðarþörf og meðferðarhorfur er ég sammála greinargóðum ályktunum sálfræðings. Guðmundur virðist búa yfir góðum eðlisþáttum sem geti gert batahorfur hans mjög góðar ef vel yrði að málum staðið.

Undirritaður er einnig samþykkur ályktunum sálfræðingsins um að langvinn fangelsisvist muni hafa mjög skaðleg áhrif á geðheilsu Guðmundar og andlegan og félagslegan þroskaferil hans, sjá niðurlag sálfræðilegs mats.“

Í sálfræðilegu mati Víðis H. Kristinssonar segir m.a. svo:

„Um er að ræða greindan (Grv.: 124) ungan mann, sem nú mælist betur en áður. Slíkt er ekki óeðlilegt þar sem síðasta greind-

armæling var svo nálægt sjökk-upplifun þeirri er óhæfuverk hans skapaði. Guðmundur býður af sér góðan þokka og er miðað við núverandi aðstæður yfirvegaður og með góða framkomu. Guðmundur er viljugur til samstarfs og heflaður í allri framkomu. ...

Í reynd er hann sjálfsgagnrýnninn og viðkvæmur og finnst gjarnan að að sér sé vegið. Hann hefur líka sterka réttlætiskennd gagnvart sér og öðrum. Hann hefur sterka kynhvöt og þörf fyrir að blandast inn í eitthvað sem er spennandi, en nokkurrar truflunar gætir í samskiptamunstri við aðra.

Hann er nokkuð í eigin hugarheimi og skynjar oft hluta í stað heildar, t.d. hluta af manneskju í stað allrar persónunnar. Tilfinningar eru ekki nægilega vel rótfestar (integreerede), sem gerir það að verkum að hömlur geta verið veikar. Í stuttu máli má því segja að hann hafi svokölluð „borderline“-persónuleikaeinkenni sem við óheppilegar kringumstæður geta þróast út í tímabundna „mikro-psykosu“ þar sem eðlileg raunveruleikatengsl og hömlur breyta um stundarsakir og það er að mínu mati það sem gerðist á óheillastundinni þann 3/9 '88.“

## II.

Að tilhlutan ríkissaksóknara var málið lagt fyrir lækna ráð. Í bréfi ráðsins 24. október 1989 segir:

„Málið er lagt fyrir lækna ráð á þá leið að leitað er eftir umsögn lækna ráðs um framangreind lækni sfræðileg gögn og er sérstaklega leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- I. Er lækna ráð sammála niðurstöðum prófessors Gunnlaugs Björns Geirssonar í réttarkrufningsskýrslu (sic) hans um bana-mein K?
- II. Fellst lækna ráð á niðurstöðu dr.med. Hannesar Péturssonar, yfirlækni, í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða?
- III. Er skýrsla Magnúsar Skúlasonar, lækni, samrýmanleg niðurstöðum dr. med. Hannesar Péturssonar, yfirlækni, í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, og ef ekki í hverju ósamræmi í niðurstöðum sé fólgið og á hvaða niðurstöður fellst lækna ráð?

Málið var lagt fyrir réttarmáladeild ráðsins. Við meðferð þess í deildinni vék prófessor Gunnlaugur Geirsson sæti samkvæmt 5. gr. laga um lækna ráð nr. 14/1942, en í hans stað kom Bjarki Magnússon læknir.

Með vísun til 2. mgr. 4. gr. sömu laga var Magnús Skúlason, læknir, boðaður á fund deildarinnar, er mál þetta var til afgreiðslu, en hann boðaði forföll.

Deildin afgreiddi málið á fundi 28. september 1989 með svofelldri tillögu um ályktun lækna ráðs:

Ad.1. Já.

Ad.2. Já, ákærði er hvorki alvarlega geðveikur, vangefinn eða með persónuleikagalla svo að dragi úr sakhæfi hans, en hann var ölvaður þegar afbrotið var framið.

Ad.3. Já, algengasta tegund skammvinnrar sturlunar („mikropsykosu“) þar sem eðlileg raunveruleikatengsl breyta um stundarsakir er ölvun. Magnús gerir að vísu nokkru meira úr truflun á persónuleika ákærða, en Hannes nefnir aðeins skapgerðarbresti. Truflunin eða brestirnir hafa þó ekki valdið ákærða vanda fyrr eins og búast mætti við ef um væri að ræða jaðarpersónuleikaeinkenni („borderline“-persónuleikaeinkenni).

Með vísun til 6. gr. reglugerðar nr. 192/1942 um starfsháttu lækna ráðs og 6. gr. laga um lækna ráð nr. 14/1942 óskaði Þorkell Jóhannesson, prófessor, eftir að málið yrði borið undir lækna ráð í heild.

Á fundi lækna ráðs miðvikudaginn 18. október 1989 var framangreind tillaga réttarmáladeildar samþykkt sem ályktun lækna ráðs með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Þorkell Jóhannesson, prófessor, lét bóka: „Ég er hallur undir álit Magnúsar Skúlasonar um ástand sakbornings. Mitt álit er þó, að maðurinn verði að teljast sakhæfur, sbr. álit Hannesar Péturssonar. Mér finnst samt meiri munur á álitu Magnúsar og Hannesar en í tillögu að ályktun lækna ráðs kemur fram. Ég óska því eftir álitu þriðja geðlæknis.“

Magnús Skúlason hefur í bréfi, sem dagsett er 11. janúar 1990, til ríkissaksóknara haldið því fram, að hann hafi alls ekki verið boðaður til þess fundar, sem um getur í umsögn lækna ráðs „og að sjálf-

sögðu þaðan af síður að hafa boðað forföll“. Þá gerir hann athugasemdir við ályktun læknaáðs.

### III.

Ákærði gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu m.a. 6. september 1988. Var hann spurður að því, hvort hann gæti nú gert grein fyrir áverkum á hálsi hinnar látnu, en hann hafði áður ekki getað svarað neinu ákveðið um þennan áverka. Svar ákærða, sem hann staðfesti fyrir sakadómi, var:

„Ég hefi verið að reyna að rifja þetta upp. Mig minnir að ég hafi lagt hnífseggina að hálsi hennar og þá strokið henni eftir hálsinum, eftir að ég sló hana. Ég vil þó ekki fullyrða þetta, en mig minnir að ég hafi gert þetta. Vil þó taka það fram, að ég ætlaði ekki að skera hana á háls. Veit ekki af hverju ég gerði þetta.“

Skýrslur ákærða um samskipti hans við hina látnu, eftir að þau voru orðin ein, eru ekki trúverðugar, og verða þær ekki lagðar til grundvallar.

### IV.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi unnið til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 3. september 1988 koma til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu, en eigi eru efni til þess að lögum að taka til greina kröfu verjanda um, að til frádráttar komi þreföld dagatala tvö tiltekin tímabil, sem ákærði var í Síðumúlafangelsi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti svo sem í dómsorði greinir. Fjárhæðin, sem þar er tilgreind, er án söluskatts og virðisaukaskatts.

### D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Sveinbjörnsson, sæti fangelsi í 14 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 3. september 1988 komi refsingu hans til frádráttuar með fullri dagatölu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 100.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. janúar 1989.**

Ár 1989, miðvikudaginn 25. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 33/1989: Ákærvaldið gegn Guðmundi Sveinbjörnssyni, sem tekið var til dóms 12. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 12. desember sl., á hendur ákærða „fyrir að hafa árla morguns laugardaginn 3. september 1988 svipt K, fædda ... 1963, lífi í íbúð hennar í Kópavogi, þar sem ákærði var gestkomandi, með því að veitast að henni rúmliggjandi og herða að hálsi hennar með báðum höndum, slá hana með krepptum hnefa á vinstri kinn og stinga hana síðan eftir í kviðarhol með hnífi, sem ákærði sótti í eldhús íbúðarinnar. Gekk stungan í gegnum gollurshús og hægra forhölf hjartans og leiddu innri blæðingar til dauða konunnar.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

#### *Málavextir.*

Kl. 7.20 að morgni laugardagsins 3. september sl. kom ákærði í máli þessu á lögreglustöðina í Kópavogi og skýrði svo frá, að hann hefði orðið stúlku að bana. Vissi ákærði ekki, hvað stúlkan hét, eða heimilisfang hennar, en kvaðst þó vita, hvar húsið væri. Er ákærða var sýnt kort af Kópavogi, benti hann strax á hús nr. [...] við [...] þar í bæ. Fóru lögreglumenn á vettvang samkvæmt vísbendingu ákærða. Benti ákærði þeim á að fara bak við umrætt hús og inn í bifreiðageymslu, sem innréttuð hafði verið sem íbúð. Þar inni lá kona, og var sæng breidd yfir hana upp að eyra. Reyndist hún vera látin, en var heit viðkomu. Rétt við hlið rúmsins var barnarúm og í því sofandi drengur. Tók lögreglumaður drenginn strax í fangið og bar hann út úr íbúðinni og inn um bakdyr íbúðarhússins, þar sem fyrir voru foreldrar hinnar látnu, þrír bræður hennar og unnusta eins þeirra. Kom í ljós, að um var að ræða sjö ára son hinnar látnu.

Í lýsingu rannsóknarlögreglu ríkisins á vettvangi segir svo:

— — —

Ákærða var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar á Borgarspítalanum kl. 8.30 um morguninn. Þá lét hann í té þvagsýni í sama tilgangi kl. 9.00 sama morgun. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á innihaldi alkóhóls í blóði ákærða reyndist alkóhólmagn í því 0,68‰ og í þvagi 1,04‰.

Í sýni, sem tekið var úr vökvapollinum milli rúms hinnar látnu og klæðaskápsins, var alkóhól ekki í mælanlegu magni.

Ákærði hafði skorið sig á vinstra úlnlið, og samkvæmt vottorði Heimis Bjarnasonar aðstoðarborgarlæknis, sem skoðaði ákærða kl. 11.30 umræddan morgun, var sárið varla dýpra en sem nemur þykkt húðar, 3-4 cm að lengd, þumalfingurs og lófa megin á úlnliðnum. Var það tekið saman með 7 sporum af mjög grönnum þræði. Auk þess segir í vottorði læknisins um skoðunina, að daufan áfengisþef hafi lagt frá vitum ákærða, en að hann hafi komið sér fyrir sjónir sem allsgáður. Segir, að um vinstri olnboga hans hafi verið dökkleitur „taumur“, 6-8 cm langur, sem virtist vera blóð, en ekki hafi sár verið að finna þar. Smá-blóðblettir, greinilega að komnir frá ákærða sjálfum eða öðrum, voru á vinstri rist og hér og hvar um vinstri fótlegg. Þvöðist blóðið auðveldlega af, og engin sár var þarna að finna. Segir að lokum í vottorðinu, að líkamshlutarnir, sem blóð var að finna á, hafi verið naktir, er blóðið barst á þá.

Sérstök rannsókn fór fram á fatnaði ákærða. Ekkert sérstakt var að finna á skóm ákærða, hálsbindi hans og leðurbelti. Sokkar þeir, sem hann var í, voru á hinn bóginn blóðkámugir, bæði á il og rist og þar ofar. Á nærbuxum ákærða var blóðkám, sem gat verið eftir fingur. Að framan á þeim var blóðkám á þremur stöðum, 4.5 cm fyrir neðan streng og 2.5 cm vinstra megin við miðju, 14 cm neðan við streng og 2 cm hægra megin við miðju og 18 cm neðan við streng og 1 cm hægra megin við miðju. Aftan á buxunum var einnig blóðkám á þremur stöðum, 10.5 cm neðan við streng og 4 cm hægra megin við miðju, 15 cm neðan við streng og 1 cm hægra megin við miðju og 17 cm neðan við streng og 1.5 cm vinstra megin við miðju. Á gallabuxum ákærða voru blóðstrokur ofarlega framan á vinstra læri, 28 cm neðan við buxnastring, á 10 cm löngum kafla niður skálmna hægra megin við miðju. Var kámið 4 cm breitt, þar sem það var breiðast. Á innanverðum buxnavasa sáust nokkrir litlir blóðblettir á 6 cm löngum kafla, 9 cm neðan við buxnastring og niður. Á milliskyrta ákærða var blóðtaumur á kraga hægra megin. Að framan voru blóðblettir á brjósti og til vinstri og hægri hliðar. Á hægri ermi voru nokkrir blóðblettir á utanverðri erminni, ofan við olnboga, tveir smærri neðar á erminni og annar við líningu. Vinstri ermin var mikið blóðug, bæði að framan og aftan, í handarkrika og á innan- og utanverðri líningu. Nokkrir blóðblettir voru á baki skyrtunnar, einn 12 cm neðan við kraga og hinir neðarlega hægra megin og neðst við skyrturönd. Á innanverðri vinstri ermi jakka ákærða var blóðkám

fremst innan við uppbreitta ermi hans. Einnig var blóðkám framan á jakk-anum við hnappagat. Loks mátti sjá töluvert blóðkám á 10 cm löngum kaffla á jakkavasa vinstra megin, 13 cm neðan við brún vasans.

Lík hinnar látnu var krufið á Rannsóknastofu háskólans hér í borg hinn 4. september sl., og annaðist krufninguna dr. Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði við Háskóla Íslands. Í skýrslu hans um krufninguna segir m.a. á þessa leið um líkskoðun:

Á líkinu eru eftirtalin áverkamerki: Hægra augað er marið (glóðarauga), og mælist það 6x4 cm. Blæðing er í augnhvítuna undir. 0.7 cm mar er í vinstri augnkrók á efra augnloki, og einnig er blæðing í augnhvítuna þeim megin. Undir kjálkabardinu vinstra megin, 5 cm frá eyrnasnepli, eru lítils háttar afrifur eða klór á svæði, sem mælist 1.2x0.5 cm, og á svipuðum slóðum hægra megin, en nokkru nær miðlínu, er bogadregið klór, 0.7x0.4 cm, og annað minna nokkru hliðlægar og ofar, er mælist 0.2x0.2 cm. Framan á hálsinum eru fjórar mjóar og grunnar skurðlínur eða rispur á hörundi. Hin efsta er 6 cm neðan við höku og mælist 4 cm á lengd og liggur yfir þveran barkann. Næsta lína mælist 7 cm á lengd og er 2 mm neðan við hina fyrri. Hún byrjar 2 cm hliðlægt við miðlínu, en liggur þvert yfir hálsinn og yfir að hálsvöðvanum (sternocleidomastoideus) hægra megin. Þriðja línan er enn 2 mm neðan við þá, sem áður er lýst, og mælist hún 4 cm og nær frá miðlínu og að áðurnefndum vöðva. Fjórða og neðsta rákin er 7 cm á lengd og byrjar rétt vinstra megin við miðlínu og liggur yfir þveran barkann og að vöðvanum. Er skurðfarið mjótt, þar sem það byrjar, en breikkar til hægri hliðar, þar sem það mælist 0.4 cm.

Í miðlínu, svarandi til processus xiphoideus (flagbrjósk), er stungusár, sem mælist 1.6 cm að lengd og 0.9 cm að mestri breidd, og er það lítið eitt skásett, þannig, að neðri endi þess veit til vinstri hliðar. Í stefnu neðri hluta stungusársins og 1 cm neðan við það er grunnur áverki, 0.2x0.3 cm, og 1 cm neðan við hann er sams konar áverki, jafnstór.

Ekki verður séð, að nein bein séu brotin í andliti né heldur tennur. Ekki verða greindar nein önnur áverkamerki, sérstaklega ekki á höndum eða kynfærum. Nokkurt blóð er á líkinu, en lögreglumenn segja það hafa makast á, er konan var færð úr nærfötum.

Athugun á kynfærum og endaparmi leiddi ekkert athugavert í ljós. Skapahár er brúnt, og er ekki að sjá neinar klínur eða slím í því, og framandi hár greinast ekki. Skapabarmar (labia minora) eru klæddir grádrapp-leitri slímhúð, og sjást þar engir áverkar. Leggöng eru klædd grárri, fell-ingaríkri þekju, sem einnig er án nokkurra áverka, en lítils háttar slím er í nánd við leghálsinn.

Rannsókn á blóði, sem tekið var þann 6. september 1988 úr meintum árásarmanni, svo og blóði úr líki K og 5 sýnum frá vettvangi voru send

til samanburðarrannsókna og merkt sem hér segir: nr. 1: blóð úr líki; nr. 2: blóð frá meintum árásarmanni; nr. 3: lak; nr. 4: blóðblettir frá handlaug; nr. 5: blóðblettir úr sturtubotni; nr. 6: frá gólfi við hlið á rúmi; nr. 7: frá gólfi nálægt baðherbergi.

Framangreind sýni voru send dr. Patrick J. Lincoln, The London Hospital Medical College í London, Englandi.

Samkvæmt niðurstöðum blóðflokkarannsóknanna má sjá, að blóð K er í laki, en blóðblettir 4-7 samrýmast því að koma frá meintum árásarmanni. Samkvæmt útreikningi á tíðni blóðflokka í Vesturlandabúum eru líkurnar 1:6700 að finna annan einstakling en meintan árásarmann, sem hefði sams konar blóðflokka og fundust í blóðblettunum, en það táknar, að 99.98% manna hafa annars konar samsetningu blóðflokka þessara og eru því útilokaðir. Blóðflokkarannsóknin gefur því mjög sterka vísbendingu um, að blóðblettirnir séu úr meintum árásarmanni.

Um krufninguna segir m.a. svo:

Í kviðarholi eru 485 ml af blóði. Svarandi til stungusárs þess, sem sást efst á kviðarholi, liggur stungufar í mjúkvefjum með stefnu upp á við, og hefur lagið farið í gegnum þindarfestuna, og hefur náð að blæða inn í kviðarholið af þeim sökum, enda þótt engin líffæri hafi skaðast í kviðnum. Stungufarið liggur í gegnum vefi miðmætis og inn í gegnum gollurshúsið, og er þar 2 cm rífa á neðri hluta þess. Er stungufarið samtals 13 cm að lengd og endar með því að ganga í gegnum hægra forhólf á neðri fleti hjartans, fast við þann stað, er neðri bláæðin (vena cava inferior) mætir hjartanu. Hefur blætt þar inn í gollurshúsið og þaðan inn í hægra brjósthol. Rifan á hjartanu er 0.7 cm að lengd.

Niðurstaða krufningarinnar er svohljóðandi:

#### „Ályktun:

Samkvæmt því, sem fram kemur í skýrslum lögreglu og við krufningu, má álykta, að K hafi verið stungin til bana. Blóðblettir fundust á vettvangi. Koma blóðblettirnir heim við blóð það, sem tekið var úr meintum árásarmanni.

Krufningin leiddi í ljós að konan lést af völdum innri blæðingar, sem hún hlaut af stungusárinu er gekk í gegnum hægra forhólf hjartans. Hún var með áverkamerki á hálsi, sem gætu stafað af því að eggjárn hafi verið brugðið fjórum sinnum grunnt yfir framanverðan háls hennar eða einhver hvass hlutur rispað hörundið. Þroti var í barkakýli og slímsamsafn í berkjum og getur það samrýmt því að þrýst hafi verið að hálsi hennar. Þó skal tekið fram að konan lést ekki af völdum köfnunar.

Konan hafði áverka vinstra megin á höfði, sem samrýmist því að hafa komið við „sljótt“ högg eða fall.

Lyfjamæling sýndi að konan var ölvuð er hún lést.

Ekki var sýnt fram á að konan hefði haft samfarir fyrir andlátíð.“

Læknirinn kom fyrir dóm sem vitni við meðferð málsins og staðfesti ofangreinda skýrslu sína. Kvað vitnið ekkert hafa fundist, sem staðfesti, að hin látna hefði haft samfarir fyrir andlátíð, en ekki yrði fullyrt um, að hún hefði haft samfarir, þar sem ekki hefði orðið sáðlát, eða að hún hefði haft samfarir við mann, sem ekki hefði framleitt sæðisfrumur. Útilokaði krufningin því ekki, að samfarir hefðu getað átt sér stað skömmu fyrir andlátíð.

Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á alkóhólinnihaldi í blóði hinnar látnu og þvagi mældist magn alkóhóls í blóði hennar 1,58‰ og í þvagi 2,17‰. Staðfestu niðurstöðutölur rannsóknarinnar, að hún hefði neytt áfengis skömmu fyrir andlátíð og að hún hefði getað verið ölvuð, er hún lést, en skýrðu ekki ella andlát hennar.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi um kl. 19.30 að kvöldi föstudagsins 2. september farið út á Reykjavíkflugvöll ásamt kunningja sínum, X, þar sem þeir hafi ásamt öðrum kunningja sínum farið að bóna flugvél í eigu þeirra allra og fleiri manna. Tók ákærði með sér 12 bjóra, en X 8. Drakk áður nefndur kunningi þeirra 3-4 bjóra, en ákærði og X afganginn til helminga. Hættu þeir að bóna vélina um miðnætti, og héldu þá ákærði og X heim til ákærða, þar sem ákærði skipti um föt. Á meðan ákærði hafði fataskipti, drukku þeir X tvo bjóra hvor. Um kl. 0.30 fóru þeir í leigubifreið að Gauki á Stöng við Tryggvagötu hér í borg, þar sem þeir stoppuðu stutta stund. Þaðan fóru þeir á Fógetann í Aðalstræti og þaðan síðan á Hótel Borg. Höfðu þeir stutta viðdvöl á þessum stöðum og drukku ekkert. Frá Hótel Borg fóru ákærði og X á Hótel Ísland við Ármúla. Drakk ákærði þar tvo tvöfalda skammta af sterku áfengi á tímabilinu frá kl. 1.30 til kl. 2.45, en eftir það neytti hann ekki áfengis.

Ákærði fór út af Hótel Íslandi um kl. 3.00 og gekk áleiðis að veitingastaðnum Hollywood, sem þar er skammt frá. Hitti hann K og vinkonu hennar, Y, þar fyrir utan. Ákærði þekkti þær ekkert og hafði aldrei séð þær áður. Tóku þau öll saman leigubifreið, og bauðst ákærði til að borga hana. Ákærði mundi ekki aðdraganda þess, að þau tóku leigubifreiðina saman, en kveður, að smá-samræður hafi átt sér stað áður.

Ákærði kveður, að haldið hafi verið beint heim til K í leigubifreiðinni og þangað verið komið um kl. 4.00. Kveðst ákærði hafa spurt K, hvort hann mætti koma inn, og hún samþykkt það. Vinkona hennar hafi á hinn bóginn aðeins komið í útidyragáttina, stoppað þar stutta stund, en farið síðan. Ákærði kveðst hafa orðið eftir með K í íbúð hennar. Hafi hún útbúið eggjabrauð og snætt það, en ákærði ekki þegið boð hennar um að borða með henni. Er K hafi verið að borða, hafi bróðir hennar komið þar

inn með kött. Kveðst ákærði hafa átt einhver orðaskipti við hann, en mundi ekki, hver þau voru. Stoppaði bróðirinn stutt, og sátu ákærði og K áfram saman við eldhúsborðið og ræddu saman, en ákærði mundi ekki orðaskipti þeirra.

Eftir að K var búin að borða, kveður ákærði, að hún hafi fært barn sitt, sem svaf í rúmi hennar, yfir í barnarúm í íbúðinni. Þá hafi hún gengið frá matarílátum og að því búnu farið að fataskáp, afklætt sig úr öllum fötum nema nærbuxum og klætt sig í bol. Síðan hafi hún sest á rúmstokkinn og ákærði við hlið hennar. Kveðst ákærði hafa farið að kyssa hana og hún ekkert haft á móti því. Kveður ákærði, að eftir nokkra stund hafi þau hafið samfarir, en K fljótlega viljað hætta þeim og sagt eitthvað á þessa leið: „Hættu þessu“ og ýtt ákærða frá sér. Kveðst ákærði hafa reynt aftur að hefja samfarir, en K hafi ýtt honum frá sér á ný og snúið sér á hliðina upp að vegg, eftir að hafa smeygt sér í nærbuxurnar.

Ákærði kveðst ekki hafa verið búinn að fá fullnægingu og hafi hann nú alveg sturlast, tekið báðum höndum um háls K aftan frá og reynt að kyrkja hana. Hafi hún barist um stutta stund, en misst síðan meðvitund. Eftir þetta kveðst ákærði hafa velt henni við og slegið hana með krepptum hnefa hægri handar á vinstri kinn. Því næst hafi hann farið í eldhúsið og náð þar í hníf, sem annaðhvort hafi verið í vaski þar eða eldhússkúffu, farið með hann að rúminu, þar sem K lá meðvitundarlaus, dregið upp bolinn, sem hún var í, og stungið hana þrisvar fyrir neðan brjóstin. Hafi hnífurinn ekki gengið á hol við tvær fyrri stungurnar, en það hafi hann gert við hina þriðju.

Eftir þetta kveðst ákærði hafa farið að kjókra og gert sér grein fyrir því, sem hann hafði gert. Kveðst hann fyrst hafa tekið hnífinn, sem hann hafði stungið K með, og skorið sig með honum á vinstri úlnlið, en síðan annan stærri hníf, sem þarna hafi verið, og gert hið sama. Hafi hann ætlað að svipta sig lífi, en það ekki tekist. Ákærði kveður mikið hafa blætt úr sárinu, en hann hafi samt ekki hitt á slagæð. Eftir þetta kveðst ákærði hafa fundið rafmagnssnúru, sem hann hafi hengt upp í sturtuhengi og reynt að hengja sig, en það hafi mistekist.

Ákærði kveðst næst hafa klætt sig í föt sín, önnur en nærbuxur, og þvegið sér á baðinu. Að því búnu hafi hann velt K á hægri hlið, breitt yfir hana og yfirgefið íbúðina. Kveðst hann hafa gengið í áttina að Kópavogslæknum og tekið leigubifreið þar. Hafi hann beðið leigubifreiðarstjórann að aka sér að [.....] og ætlað út á flugvöll. Er að [.....] hafi verið komið, hafi hann átt að sig á, að hann var ekki á þeim stað, sem hann ætlaði á, og leiðbeint bifreiðarstjóranum að [.....] þar sem hann hafi yfirgefið bifreiðina. Kveðst ákærði hafa gengið yfir mýrina út að flugskýlum, sem þarna eru, þar sem hann hafi ráfað um stutta stund, en farið síðan í afgreiðslu

innanlandsdeildar Flugleiða, þar sem hann hafi tekið leigubifreið til lögreglunnar í Kópavogi og skýrt frá því, sem gerst hafði.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins verið inntur eftir skýringum á skurðlínunum þeim eða rispum og öðrum áverkum, sem voru á hálsi hinnar látnu. Ákærði kunni í fyrstu engar skýringar á þessum áverkum, en minnti síðar, að hann hefði lagt hnífseggina að hálsi hinnar látnu og strokið henni eftir honum, eftir að hafa slegið hana. Ákærði vildi ekki fullyrða um þetta, en minnti, að hann hefði gert þetta, en af hverju, vissi hann ekki.

Við rannsókn málsins var ákærði fenginn til að lýsa leið þeirri, er hann gekk, eftir að hann yfirgaf [.....] umræddan morgun. Samkvæmt lýsingu ákærða gekk hann þaðan suður Gagnheiði, vestur Digranesveg, suður Bröttubrekku og vestur Hlíðarveg til enda. Þaðan gekk ákærði að afrennslisbrautinni af Hafnarfjarðarvegi og inn í Kópavog, yfir hana og þar út á graseyju, þar sem hann tók leigubifreiðina. Leið þessi reyndist samkvæmt mælingu 1,5 kílómetrar.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna.

X [.....] Kópavogi, fór um klukkan 19.00 að kvöldi 2. september heim til ákærða. Fóru þeir síðan saman þaðan út á flugvöll, þar sem þeir höfðu ákveðið að bóna flugvél, sem þeir eiga ásamt fleirum. Er þangað var komið, tóku þeir til við að bóna flugvélinu ásamt einum eiganda í viðbót. Drukku þeir áfengan bjór við starfann, en um miðnætti hættu þeir iðju sinni og tóku leigubifreið heim til ákærða. Fóru vitnið og ákærði þar inn, en meðeigandinn hélt áfram heim til sín. Eftir að hafa dvalist heima hjá ákærða um stund fóru vitnið og ákærði niður í miðborg. Þaðan fóru þeir um kl. 1.00 - 1.30 á Hótel Ísland. Yfirgaf vitnið veitingastaðinn um kl. 2.30 og fór beint heim til sín.

Vitnið kveður, að það og ákærði hafi á tímabilinu, frá því þeir byrjuðu að bóna flugvélinu og þar til vitnið yfirgaf Hótel Ísland, drukkið hvor um sig 10 áfenga bjóra og að auki eitt til tvö glös af sterku áfengi á Hótel Íslandi. Er vitnið skildi við ákærða um nóttina, var hann greinilega undir áhrifum áfengis að mati vitnisins, en ekki treysti það sér til að segja til um, hversu mikið það var.

Y [.....] hér í borg, kvaðst hafa farið í veitingahúsið Hollywood með vinkonu sinni, K, að kvöldi 2. september sl. Eftir að dansleik lauk um klukkan 3.00, fóru vitnið og K út úr húsinu, og fóru þær að svipast um eftir leigubifreið. Bar það ekki árangur strax, og eftir nokkra stund gaf K sig á tal við ákærða. Voru vitnið og K peningalausar, og tóku þær því leigubifreið með ákærða. Var fyrst haldið á Rauðalæk, en síðan að [.....]. Fóru þau öll inn í íbúð K, sem innréttuð hafði verið í bifreiðageymslu, áfastri við húsið. Færði K son sinn, sem svaf í rúmi hennar, yfir í barna-

rúm. Hafði K orð á því, er þau fóru inn til hennar, að fyrir dyrum stæði afmæli sonar hennar og að hún væri þreytt. Var hún að öðru leyti hress og erfitt að átta sig á því, hvort hún væri ölvuð. Ákærði virtist að mati vitnisins ekki vera mikið ölvuður og bauð af sér góðan þokka. Sýndu ákærði og K hvort öðru engin blíðuhót, þannig að vitnið sæi til. Vitnið stoppaði stutt við og fór um klukkan 4.00 til 4.30 inn í íbúðarhúsið á sama stað, þar sem sonur hennar og bróður K svaf.

Vitnið kveður þær K hafa komið frá Mallorka 15. ágúst sl. Hafi K kynnst manni þar, sem hún hafi orðið mjög hrifin af. Hafi hún ætlað að skrifast á við mann þennan og alls ekki ætlað að taka upp náin kynni við annan karlmann, að minnsta kosti ekki fyrr en hún hefði fengið bréf frá manninum.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu kvað vitnið ákærða hafa yfirgefið íbúð K með sér, og vitninu skilist, að hann ætlaði á brott, en við meðferð málsins hvarf vitnið frá þessum framburði sínum.

Z [.....] Kópavogi, var umrædda nótt úti að keyra með kunningjum sínum, A og B. Vitnið gat ekki sagt til um það með neinni vissu, hvenær það kom heim til sín um nóttina, en sá þá ljós í íbúð K, systur sinnar. Fór vitnið þar inn og sá, hvar systir þess sat við eldhúsborð og á móti henni karlmaður, sem kynnti sig. Spurði vitnið K, hvort allt væri ekki í lagi, og játaði hún því. Sýndist vitninu á augum mannsins, að hann væri undir áhrifum áfengis, en merkti ekki önnur áfengisáhrif á honum. Vitninu virtist K hins vegar ekki vera ölvuð. Hafði hún á orði, að maðurinn hefði elt hana og Y heim og boðist til að borga leigubifreiðina, en komið síðan inn með þeim. Kastaði vitnið kveðju á systur sína og fór að því búnu.

A [.....], Reykjavík, ók fyrrgreindum Z heim til hans umrædda nótt. Lagði vitnið af stað frá veitingastaðnum Evrópu-Zeppelin í Borgartúni hér í borg um klukkun 4.00 um nóttina og var komið heim til Z um klukkan 4.15 - 4.20.

B [.....], Reykjavík, var í bifreiðinni með A og Z nefnda nótt. Var lagt af stað á bifreiðinni frá veitingastaðnum Evrópu-Zeppelin um klukkan 4.10, og taldi vitnið, að komið hefði verið heim til Z laust fyrir klukkan 4.30.

C [.....] Reykjavík, hitti A fyrir utan veitingahúsið Evrópu-Zeppelin greinda nótt um klukkan 3.05. Sátu vitnið og A um klukkustund í bifreið vitnisins og ræddu saman. Var klukkan örugglega orðin 4.00, er A yfirgaf bifreiðina.

Magnús Hlynur Haraldsson leigubifreiðarstjóri tók farþega upp í bifreið sína umræddan morgun klukkan 6.20 - 6.30 skammt fyrir sunnan Kópavogsháls. Kom farþeginn, um það bil 22 - 23 ára karlmaður í dökkum jakka, gangandi niður brekkuna, sem liggur upp í Kópavog að Kópavogs-

hálsi, þegar komið er frá Garðabæ. Settist maðurinn, sem bauð af sér góðan þokka, í aftursætið og bað vitnið um að aka sér að [.....] í Reykjavík. Er þangað var komið, áttaði hann sig á, að hann var ekki á réttum stað, og leiðbeindi vitninu að [.....] þar sem hann yfirgaf bifreiðina. Var maðurinn mjög þögull og ræddi ekkert við vitnið utan þess, sem að framan er getið.

— — —

Ákærða var við rannsókn málsins gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni. Annaðist þá rannsókn Hannes Pétursson, yfirlæknir á Borgarspítalanum. Segir svo í niðurstöðu skýrslu hans um rannsóknina, sem dagsett er 30. september sl.:

„Ályktun.

Ljóst er, að Guðmundur Sveinbjörnsson er ekki haldinn formlegri geðveiki, meiri háttar taugaveiklun eða greindarskort. Ekki greinast heldur merki um alvarlegar persónuleikatrufnanir, svo sem merki um andfélagslega hegðun eða þess háttar. Hins vegar koma fram vísbendingar í lífsferli, sem gefa til kynna nokkurt kæruleysi, skort á fyrirhyggju og hugsanlega ótæpilega neyslu áfengis. Guðmundur er að líkindum nokkuð dulur að eðlisfari, og skapgerðarrestir koma meira í ljós á sálfræðiprófum.

Að því er varðar aðdraganda og hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Guðmundur er nú grunaður um, þá er það að líkindum best skoðað í ljósi framangreindra skapgerðareinkenna samfara mikilli áfengisneyslu fyrir umræddan atburð. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum hafa viðbrögð Guðmundar orðið mjög heiftarleg, en rannsókn þessi hefur ekki leitt í ljós aðrar haldbærar skýringar en samverkandi áhrif áfengis og framangreindra skapgerðarresta. Ég hefi lagt á það ríka áherslu við Guðmund, að hann geri sér grein fyrir skapgerð sinni, og þó fyrst og fremst nauðsyn þess, að hann neyti aldrei framar áfengis.

Líklegt má teljast, að dómreind Guðmundar hafi verið sljónvæð vegna ölvunar, er umræddur atburður átti sér stað. Ég tel þó, að raunveruleikamat og dómgreind Guðmundar Sveinbjörnssonar sé með þeim hætti, „að hann teljist sakhæfur“.

Þá lagði Sigurgísli Skúlason sálfræðingur nokkur sálfræðipróf fyrir ákærða. Samkvæmt niðurstöðu greindarprófs Wechlers mældist greindarvísitala munnlega hlutans 101 og hins verklega 112. Greindarvísitala alls prófsins mældist því 106, sem telst vera í meðallagi.

Samkvæmt niðurstöðum úr MMPI-persónuleikaprófi bentu þrír gildiskvarðar þess til, að ákærði hefði reynt að gefa of fegraða mynd af sér í prófinu. Af gildisákvörðunum var lygakvarðinn mest hækkaður. Í prófinu

reyndi ákærði að gefa fegraða mynd af sjálfum sér. Vildi hann líta vel út í augum annarra og var á verði gagnvart staðhæfingum prófsins, sérstaklega vandamálum eða erfiðleikum af tilfinningalegum toga. Hafði hann mikla þörf fyrir það að koma vel fyrir og var afneitandi og á varðbergi. Skorti hann sveigjanleika og hafði auk þess lítið streitu- og álagsþol.

Á hinum 10 klínísku kvörðum MMPI-prófsins varð hækkunin mest á þunglyndiskvarðanum og geðvillukvarðanum. Var hækkunin á þunglyndiskvarðanum að áliti sálfræðingsins vafalítið aðstæðubundin, þ.e. fyrst og fremst viðbrögð við utanaðkomandi álagi. Eftir standa að áliti hans skapgerðartruflun eða skapbrestir, en engin merki sáust um geðsjúkdóma eða meiri háttar geðtruflun.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

#### *Niðurstöður.*

Sannað er með játningu ákærða, krufningarskýrslu dr. Gunnlaugs Geirsonar, ljósmyndum af vettvangi, niðurstöðu blóðflokkarannsókna The London Hospital Medical College og öðrum gögnum málsins, að ákærði svipti K [.....], lífi árla morguns 3. september sl. í íbúð hennar að [.....] í Kópavogi með því að stinga hana efst í kviðarholið með hnífi, sem ákærði sótti í eldhús íbúðarinnar. Gekk stungan 13 cm inn í kviðarholið, í gegnum gollurshús og hægra forhólf hjartans, og leiddu innri blæðingar til dauða konunnar. Áður hafði ákærði hert að hálsi hennar með báðum höndum, þar sem hún var rúmliggjandi, þar til hún missti meðvitund, slegið hana í framhaldi af því með krepptum hnefa á vinstri kinn og gert eftir það tvær atlgör að henni með hnífnum, sem hittu á bein neðan við stungusárið.

Ákærði er einn til frásagnar um það, sem gerðist, og þykir ekki sérstök ástæða til að vefengja frásögn hans. Ákærði þykir þó eigi hafa gefið viðhlítandi skýringu á áverkum þeim, sem voru á hálsi hinnar látnu.

Ekki er ljóst, hvað ákærða gekk til verksins, en hann hefur borið því við, að hann hafi „sturlast“ við það, að K hafi fljótlega viljað hætta samförum þeim, sem hann kveður þau hafa haft. Verður að miða við það, að ásetningur ákærða um verknaðinn hafi ekki myndast fyrr en á þeirri stundu. Var ásetningur ákærða styrkur og einbeittur, með því að hann dró bol K upp og lagði tvisvar til hennar með hnífnum, áður en hann gekk á hol í þriðju atrennu.

Þykir háttsemi ákærða varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Við ákvörðun refsingar þykir bera að taka tillit til þess, að ákærði sagði sjálfur til brots síns mjög skömmu eftir verknaðinn, aldurs hans og þess,

að hann hefur eigi fyrr orðið uppvís að refsiverðu atferli af neinu tagi. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 14 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhald ákærða, óslitið frá 3. september sl., koma til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin samtals 100.000 krónur, og saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð og þykja hæfileg 60.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Sveinbjörnsson, sæti fangelsi 14 ár. Til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 3. september 1988.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur, og saksóknarlaun, 60.000 krónur, er renni í ríkissjóð.